



The Signing of the *North Atlantic Treaty* Washington D. C., Apríl 4, 1949. o.fl, blaðgreinar.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Utanríkismál – Blaðgreinar – NATO – Atlanshafsbandalagið – Aðild Íslands – Árás á Alþingishúsið – The Democratic Digest - 1949

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-10, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A Shield Against Aggression

ON April 4, in Washington, D. C., statesmen of 12 nations signed the North Atlantic Treaty, binding the West into the most formidable peacetime alliance in history.

Countries party to the pact are: Belgium, Canada, Denmark, France, Iceland, Italy, Luxembourg, the Netherlands, Norway, Portugal, the United Kingdom, the United States.

Dean Acheson, Secretary of State, opened the ceremony and spoke briefly. Then, in alphabetical order by country, the same order in which they signed, each Foreign Minister spoke. President Truman then entered the auditorium, shook hands with each Foreign Minister and with the Ambassador to the United States from each of the 11 countries, and delivered his address. Excerpts from the remarks of President Truman, Secretary of State Acheson and the 11 Foreign Ministers follow.

President Truman:

This treaty is a simple document, but if it had existed in 1914 and in 1939, supported by the nations who are represented here today, I believe it would have prevented the acts of aggression which led to two World Wars. The nations represented here have known the tragedy of these two wars. As a result, many of us took part in the founding of the United Nations.

Through this treaty we undertake to exercise our right of col-

lective or individual self-defense against armed attack, in accordance with Article 51 of the United Nations Charter.

In this treaty we seek to establish freedom from aggression and from the use of force in the North Atlantic community. This is the area which has been at the heart of the last two world conflicts. To protect this area against war will be a long step toward permanent peace in the whole world.

The pact will be a positive, not a negative, influence for peace, and its influence will be felt not only in the area it specifically covers but throughout the world. The step we are taking today should serve to reassure peace-loving peoples everywhere and pave the way for the world-wide stability and peaceful development which we all seek.

The nations represented here are bound together by ties of long standing. We are joined by a common heritage of democracy, individual liberty, and rule of law. These are the ties of a peaceful way of life. In this pact we merely give them formal recognition.

In this pact, we hope to create a shield against aggression and the fear of aggression—a bulwark which will permit us to get on with the real business of government and society, the business of achieving a fuller and happier life for all our citizens.

For us, war is not inevitable. We do not believe that there are

blind tides of history which sweep men one way or another. Men with courage and vision can still determine their own destiny. They can choose slavery or freedom—war or peace.

I have no doubt which they will choose. The treaty we are signing here today is evidence of the path they will follow.

If there is anything certain today, if there is anything inevitable in the future, it is the will of the people of the world for freedom and peace.

Dean Acheson, The United States:

We are met together to consummate a solemn act. For those who seek peace it is a guide to refuge and strength, a very present help in trouble. For those who set their feet upon the path of aggression, it is a warning that if offenses come, then woe unto them by whom the offense cometh.

Paul-Henri Spaak, Belgium:

The great defensive alliance about to be created is an essential milestone on the road leading to the consolidation of peace. The peoples of the world have therefore the right to rejoice over it. The new pact is purely defensive. It is directed against no one. It threatens no one; it should therefore disturb no one, save, of course, any person or persons who might foster the criminal idea of having recourse to war. To be convinced of this, one has only to read it.

Lester B. Pearson, Canada:

This treaty does not, of itself, ensure peace. It does, however, give us the promise of far greater security and stability than we possess today. By our combined efforts, we must convert this promise into performance or the treaty will remain no more than yet another expression of high but unattained ideals. That will not happen to our North Atlantic pact if each of us accepts the challenge it proclaims; if each of us, with trust in the good will and peaceful policies of the others, will strive to make it something more than word. We know that we can do this. If it were not so, we would not today

(Continued on page 4)



Secretary of State Acheson opens the ceremony of the signing of the North Atlantic Treaty. Seated on the platform are the Foreign Ministers and envoys to this country of the 11 other nations signing the pact. In the background are the flags of the 12 signatory powers.

THE DEMOCRATIC DIGEST

MAY 1949



BELGIUM



UNITED STATES



CANADA



UNITED KINGDOM



DENMARK



PORTUGAL




FRANCE



NORWAY



ICELAND



ITALY



LUXEMBOURG



NETHERLANDS

NORTH ATLANTIC TREATY

The Parties to this Treaty reaffirm their faith in the purposes and principles of the Charter of the United Nations and their desire to live in peace with all peoples and all governments.

They are determined to safeguard the freedom, common heritage and civilization of their peoples, founded on the principles of democracy, individual liberty and the rule of law.

They seek to promote stability and well-being in the North Atlantic area.

They are resolved to unite their efforts for collective defense and for the preservation of peace and security.

They therefore agree to this North Atlantic Treaty:

Alþingi samþykkir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu

Árás gerð á Alþingishúsið. Lögreglan dreifir
mannfjölda með kylfum og tárágasi

^{31/3}. Þingsályktunartillaga frá ríkisstjórn Íslands um aðild Íslands að Norður-Atlantshafsbandalaginu var til lokaafgreiðslu á fundi Sameinaðs Alþingis í gær. Var tillagan samþykkt, eftir mjög harðar umræður. Múgur manns hafði safnast saman við Alþingishúsið meðan á umræðum stóð, og urðu þar miklar óeirðir, grjóti kastað, rúður brotnar, og að lokum kom til bardaga milli lögreglu og borgara. Gerði lögreglan og varalið hennar að síðustu árás á mannföldann og dreifði honum með kylfum og tárágasi. Kom þá til mikilla ryskinga og særðust nokkrir lögregluþjónar og allmarir borgarar.

Árdegis í gær hófst síðari umræða um tillögu ríkisstjórnarinnar um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Umræður urðu mjög harðar, en voru að lokum skornar niður. Var þingsályktunartillagan síðan samþykkt með 37 atkv. gegn 13. Gegn tillögunni greiddu atkvæði þingmenn sósíalista allir,

auk tveggja þingmanna úr Alþýðuflokknum og eins úr Framsóknarflokknum. Tveir þingmenn Framsóknarflokksins sátu hjá við atkvæðagreiðslu. Allir aðrir þingmenn greiddu atkvæði með tillögunni.

Fyrri umræðu um þingsályktunartillöguna lauk í fyrrakvöld, og um það leyti, eða á ellefta

tímanum, var gert nokkurt hark utan við Alþingishúsið. Þar hafði talsverður hópur safnast saman, meðal annars margir unglingar, og var kastað púðurkerlingum og nokkrar rúður brotnar í þinghúsinu með grjót-kasti. Einnig voru brotnar nokkrar rúður í Sjálfstæðishúsinu, en að því búnu dreifðist hópurinn.

Ákveðið var í fyrrakvöld, að seinni umræðan um tillöguna hæfist kl. 10 í gærmorgun, og svo varð, og var tillagan samþykkt og fundi slitið um kl. 14,30 í gær.

Fregnmiðar og fundarboð.

Undanfarna daga hefur mikið verið rætt um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Fjölmargar ályktanir hafa verið gerðar um það í félögum og á fjölmönnum útifundum.

Í gærmorgun var dreift fregnmiðum um bæinn þess efnis, að Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og Verkamannafé-

lagið Dagsbrún skorðu á almenning í bænum að sækja útifund í Lækjargötu við Miðbæjararskólann kl. 13 í gær. Var ekki leitað leyfis til að halda þennan fund, en til hans var boðað í því skyni, samkvæmt fregnmiðanum, að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið.

Nokkru síðar var öðrum fregnmiða dreift um bæinn í tilefni af fyrrnefndu fundarboði, og var fregnmiði þessi undirritaður af Ólafi Thors, formanni þingflokks Sjálfstæðisflokksins, Eysteini Jónssyni, formanni þingflokks Framsóknarflokksins og Stefáni Jóh. Stefánssyni, formanni þingflokks Alþýðuflokksins. Skoruðu þeir á friðsama borgara að koma á Austurvöll milli kl. 12 og 13, til þess með því að sýna, að þeir vildu að alþingi hefði starfsfrið, og var samskonar auglýsing birt í útvarpinu.

Fólk drifur að.

Á fyrsta tímanum í gær fór fólk að safnast saman á Austurvelli og í Kirkjustræti framan við Alþingishúsið. Raðaði sér þétt fylking á gangstéttina undir framhlið hússins, en margt fólk var hvarvetna um Austurvöll.

Útifundurinn.

Klukkan eitt hófst útifundur Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna og Dagsbrúnar í Lækjargötu.

Öldungur í utanferð

8/7. Lárus Jóhannsson trúboði brá sér til Skotlands með síðustu ferð Gullfaxa til þess að heimsækja vini sína þar. En honum var neitað um landvistarleyfi vegna hins háa aldurs, en hann er 94 ára gamall. Samkvæmt brezkum lögum, fær gamalt fólk eins og Lárus ekki að koma inn í landið, nema það eigi einhvern að, sem tekur ábyrgð á því. Í blaðaviðtali um ferðina segir Lárus m. a.:

„Þeir ætluðu alveg að verða villausir í útlendingaestirlitinu í Skotlandi, þegar þeir sáu hvað ég var gamall. En það sáu þeir á vegabréfinu mínu. Þeim fannst víst ómögulegt, að svoona gamall maður væri að ferðast.“

Var þar fjölmenni saman komið. Stóð fundurinn stutt og voru tvær ræður fluttar. Var þar borin upp og samþykkt tillaga þess efnis að mótmæla þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, og þess krafizt, að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um málið. Nefnd manna var send með ályktun þessa inn í alþingi. Þar las Sigurður Guðnason alþingismaður hana upp og krafðist tafarlausra svara af þinginu.

Fólkið af útifundinum kemur.

Meðan tillagan var borin inn í þingið, streymdi fólkið af útifundinum inn í Kirkjustræti og á Austurvöll. Var völlurinn þá


orðinn þéttskipaður og áætlað, að þar hafi verið saman kominn mannfjöldi, er nam 10–15 þúsundum manna. Í öllum gluggum og á svölum nálægra húsa, og jafnvel húsaþökum, voru áhorfendur. Lögregluþjónar röðuðu sér í einfalda röð eftir miðju Kirkjustræti framan við Alþingishúsið og stóðu þétt með kylfur í höndum.

Hróp og eggjakast hefst.

Ekki leið á löngu áður en allmikil hróp hófust. Hópar á ýmsum stöðum í mannfjöldanum hrópuðu í kór: *Þjóðaratkvæði*, og fleiri áskoranir til þingmanna, en ekki urðu óspektir um sinn. Bráðlega tóku þó nokkrir unglingar að kasta eggjum að húsinu og síðar moldarköggjum og jafnvel grjóti. Varð húshliðin öll slettótt og nokkrar rúður brotnuðu í þessari fyrstu lotu óspektanna. Þá höfðu nokkrir menn jeppa við völlinn með gjallarhorni og kölluðu upp ýmsar tilkynningar.

Steinar fljúga í þingsali.

Harðnaði kasthríðin að húsinu smátt og smátt og rigndi eggjum og moldarköggjum yfir þá, sem næstir stóðu Alþingishúsinu. Loks hófst grjótkast að húsinu, og flugu steinar inn í sal neðri deildar, þar sem þingfundur var haldinn. Var það skömmu áður en afgreiðslu málsins lauk. Glerbrot úr gluggarúð-



Lögreglan varpar táragassprengjum að mannfjöldanum á Austurvelli.

um flugu einnig inn á gólfið og jafnvel á borðið framan við þingforseta. Snart steinn hönd eins þingmanns og flumbraði hann lítið eitt. Annar þingmaður fékk glerbrot í auga.

Útrás lögreglunnar.

Eins og fyrr segir, stóðu lögregluþjónar framan við Alþingishúsið, vopnaðir kylfum, og létu þeir í fyrstu lítt til sín taka. Mannþröngin var þétt, og munu þeir, sem lögregluliðinu stjórn-uðu, ekki hafa talið kleift að láta lögregluþjónana ná til

óspektarmanna þeirra, sem fyrir grjótkastinu stóðu og duldust að baki hópsins og í þrönginni.

Fundi Alþingis lauk um kl. 14,30, en ekki dreifðist mannfjöldinn að heldur, og fór grjóthriðin að Alþingishúsinu enn vaxandi. Þegar svo var komið gaf lögreglustjóri skipun um að dreifa mannfjöldanum. Reyndu lögregluþjónarnir tvívegis að þrýsta mannfjöldanum frá húsinu. Í fyrra skiptið hrökk múgurinn undan, enda beittu lögreglumenn kylfum, en hnappaðist þegar að aftur. Töldu lög-

reglumenn þá nauðsynlegt að gera útrás að nýju og beita kylfum öðru sinni. Urðu nú allharðar sviptingar. Fór þó á sömu leið og áður. Mannfjöldinn hopaði frá í bili, en seig þegar að aftur.

Varaliðið kvatt út.

Lögreglan hafði kvatt til allmikið varalið og búið það hjálmum og kylfum. Beið það inni í þinghúsinu, ef til þyrfti að taka. Þegar ekki tókst að dreifa mannfjöldanum, sem fyrr segir, var varaliðinu skipað

að gera útrás lögreglunni til aðstoðar.

Við útrás þessa hrökk mannfjöldinn nokkuð undan, og hófst nú fyrst verulegar sviptingar. Beitti lögreglan og varalið hennar kylfum sínum, en ýmsir úr mannfjöldanum köstuðu grjóti í lögregluliðið og sumir höfðu barefli. Rifur menn upp hraungrjótið, sem raðað er meðfram gangstígum á vellinum og köstuðu því. Jafnframt dundi nú grjóthrið inn um glugga á framhlið Alþingishússins, og voru þar nú flestar rúður brotnar. Glerbrotum rigndi yfir þá, sem inni í húsinu voru að norðanverðu, og grjótið flaug inn í þingsalinn, en þá var þingsfundi lokið, sem fyrr segir.

Í þessari hrið fengu allmargir áverka, bæði lögreglumenn og borgarar.

Þegar leikurinn hafði gengið þannig litla stund, varpaði lögreglan tárágassprengjum að mannfjöldanum og lagðist þegar þykkt ský yfir Austurvöll allan. Hvíta og gráa gasmekki lagði upp úr rauðum hylkjunum, en menn gripu fyrir augu sér og flýðu í allar áttir. Tæmdist völluurinn á svipstundu og fór þaðan margur rauðeygur og tár-fellandi. Lögreglumenn stóðu brátt einir eftir með gasgrímur sínar. Gafst nú loks þingmönnum og öðrum, sem í Alþingishúsinu voru, tækifæri til að komast á brott.

Þrekraun gam- allar konu

Þann 9. febrúar fundu menn frá Bjarnastöðum í Hvítársíðu aldraða konu milli bæjanna Sigmundarstaða og Stóra-Áss í Hálsasveit. Höfðu þeir heyrt hróp og köll, sem virtust koma yfir Hvítá, og hafði gamla konan kallað á hjálþ. Kona þessi heitir Kristín Kjartansdóttir og er ekkja Guðmundar bónda að Sigmundarstöðum. Er hún 78 ára að aldri og vel ern og hefur farið allra sinna ferða fylgdarlaust. Á hún nú heima á Kirkjubóli í Hvítársíðu, og ætladi hún að gamni sínu að Sigmundarstöðum, sem eru nú í eyði, en þaðan að Refsstöðum, næsta bæ við Sigmundarstaði. Hafði hún dottið á hálku og lærbrotnað og legið nærri þrjú sólarhringa, er til hennar heyrðist. Liðan hennar er góð eftir atvikum.

Eftir þetta taldi lögreglan sig þó oft þurfa að kasta tárágassprengjum, því að hópar manna þyrptust hvað eftir annað úr hliðargötum inn á Austurvöll, en hopuðu undan meðan gasið var í loftinu. Mikil ókyrrð var í Miðbænum og margt manna þar á götunum nokkuð fram eftir degi.

Allmargir særðust.

Í viðureign þessari munu fimm lögreglumenn hafa hlotið áverka, sem orð er á gerandi, en

þó einn mestan, skurð mikinn aftan við eyra og heilahristing. Annar fékk skurð í báðar varir og tennur brotnuðu í honum.

Allmargir almennir borgarar hlutu meiðsl og leituðu 12 menn læknishjálpar í Landsspítalann, tveir í Landakotsspítala og nokkrir munu hafa leitað annarra lækna. Flestir voru menn þessir með áverka á höfði. Fóru þeir allir heim, er gert hafði verið að sárum þeirra.

Upphot um kvöldið.

Þegar liða tók á kvöldið fór fólk að safnast á ný saman í Miðbænum, aðallega í Austurstræti og Pósthússtræti. Var kastað grjóti að lögreglustöðinni og brotnar nokkrar rúður þar og víðar. Voru það einkum unglingar, sem fyrir óspektum þessum stóðu. Greip lögreglan að lokum til tárágass á ný og dreifði mannfjöldanum.

Nokkrir handteknir.

Sakadómarrinn í Reykjavík hóf strax í gær rannsóknir út af óspektunum framan við Alþingishúsið. Hafa fimm menn þegar verið handteknir og settir í varðhald. Talið er, að rannsókn máls þessa muni standa lengi yfir, þar eð yfirheyrð verða fjölmörg vitni.

Frásagnir blaðanna.

Blöðin í Reykjavík í morgun flytja öll langar frásagnir af at-